

Nd.

159. Nefndarálit

[97. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1962.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Það er skekkja í þessum ríkisreikningi.

Árið 1962 var unnið að vegagerð á leiðinni milli Reykjavíkur og Keflavíkur og varið til þeirrar framkvæmdar kr. 29 549 984.89. Þetta er ekki fært með öðrum vegagerðarkostnaði á ríkisreikning, og eru því ríkisútgjöldin vantalín um nefnda fjárhæð. Samkvæmt upplýsingum, sem fjárhagsnefndin fékk, voru skuldir ríkisins vegna Keflavíkurveggar í árslok 1962 þessar:

| | |
|------------------------------|-----------------|
| PL-480 lán | 25.7 millj. kr. |
| Við Seðlabanka Íslands | 4 — — |

Þessar skuldir, alls 29.7 millj. kr., eru ekki færðar á efnahagsreikning ríkisins 31. des. 1962, og eru því ríkisskuldirnar vantaldir þar um þá fjárhæð.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins hafa gert athugasemd um það, er að fram-
an greinir. Þeir benda réttilega á, að kostnaður við framkvæmd vegagerðarinnar
hefði átt að færast á ríkisreikninginn og einnig þær skuldir, sem stofnað hefur
verið til í því sambandi.

Framkvæmdir við Keflavíkurveginn nýja hófust árið 1961. Það ár nam kostnað-
ur við þær rúmlega 7.8 millj. kr., og þá voru einnig tekin lán til greiðslu á kostnað-
inum. En þau útgjöld voru ekki færð á ríkisreikning fyrir árið 1961 og skuldirnar
ekki heldur.

Í umræðum um ríkisreikninginn fyrir árið 1961, er fram fóru í neðri deild
Alþingis 17. des. 1962, lét fjármálaráðherra svo um mælt, að þessar greiðslur yrðu
færðar á ríkisreikninginn 1962. En það var ekki gert.

Ein af athugasemdum yfirskoðunarmanna, sú 36. í röðinni, er um ábyrgðar-
greiðslur ríkisins. Þeir vekja þar athygli á því, að skýrslur um greiðslur vegna

lána, sem ríkið er í ábyrgð fyrir, hafi áður verið í ríkisreikningum, en slík skýrsla sé nú ekki í reikningnum. Yfirskoðunarmenn láta uppi það álit, að þrátt fyrir lagasetninguna um ríkisábyrgðasjóð ætti skýrsla um greiðslur vegna ríkisábyrgða að fylgja ríkisreikningi. Í svari ráðherra segir, að ráðuneytið fallist á athugasemdina og muni gera ráðstafanir til, að slíkar skýrslur fylgi ríkisreikningum eftirleiðis.

Fjárhagsnefnd fór fram á að fá reikning ríkisábyrgðasjóðs fyrir árið 1962, en fékk það svar, að reikningurinn væri ekki fullgerður. Hins vegar fékk nefndin sundurliðað yfirlit frá Seðlabankanum um ábyrgðargreiðslur 1962. Samkvæmt því hafa greiðslurnar numið kr. 103 214 578,24, en innborganir upp í ábyrgðarskuldur kr. 10 027 213,29. Á ríkisreikning eru færðar sérstaklega ábyrgðargreiðslur vegna eins togara, kr. 5 611 210,74, en sú upphæð er ekki talin með á yfirliti Seðlabankans.

Fjárhagsnefnd óskaði upplýsinga um, hvað liði starfi endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins að endurskoðun reikninga fyrir árið 1962. Fékk nefndin greinargerð um þetta efni, sem dagsett er 15. okt. s. l. Er hér birtur sem fylgiskjal útdráttur úr þeirri greinargerð, sem sýnir, hvað eftir var að endurskoða á þeim tíma af reikningum fyrir 1962 eða fyrri ár. Samkvæmt greinargerðinni var þá lokið að endurskoða reikninga 77 annarra aðila til ársloka 1962. Aðrar upplýsingar fékk nefndin ekki, og þó að gera megi ráð fyrir, að lokið hafi verið endurskoðun allmargra reikninga á þeim 2 mánuðum, sem liðnir eru, síðan greinargerðin var gefin út, má búast við, að enn vanti töluvert á, að endurskoðuninni sé að fullu lokið.

Samþykkt Alþingis á ríkisreikningi má skoða sem kvittun til ráðuneytisins fyrir reikningsskil. Minni hl. fjárhagsnefndar telur ekki rétt að láta þá kvittun, fyrr en endurskoðun ríkisreikningsins og þeirra reikninga, sem hann byggist á, er að fullu lokið. Það er því tillaga minni hl., að afgreiðslu frv. verði frestað um sinn. Á væntanlegu framhaldsþingi síðar í vetur mætti taka málið til athugunar á ný og fá þá nýjar upplýsingar frá endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins um endurskoðun þeirra reikninga, sem enn er ólokið.

Alþingi, 18. des. 1963.

Skúli Guðmundsson, Einar Ágústsson.
frsm.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr greinargerð

frá ríkisendurskoðuninni hvað langt er komið endurskoðun ríkisstofnana, embætta o. fl., til yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins. Greinargerðin er útgefin 15. okt. 1963.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins: Endurskoðað til ársloka 1962, en ekki endanlega afgreitt.

Ríkisútvarpið: Sömuleiðis.

Viðtækjaverzlun ríkisins: Sömuleiðis.

Þjóðleikhúsið: Óendurskoðað fyrir árin 1961 og 1962.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg: Endurskoðað til ársloka 1961.

Áburðarsala ríkisins: Sömuleiðis.

Tunnuverksmiðjur ríkisins: Borizt hefur endurskoðaður reikningur fyrir árið 1961, en ókunnugt um endurskoðun eftir það.

Innkaupastofnun ríkisins: Endurskoðun lokið til ársloka 1961 og að mestu fyrir árið 1962. Hafin er endurskoðun á reikningum ársins 1963, og fer hún fram jafnóðum og bókað er.

Bessastaðabúið: Endurskoðun lokið til ársloka 1961 og að mestu fyrir árið 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir framangreind ár. Hafin er endurskoðun á reikningum ársins 1963.

Hólabúið: Endurskoðun lokið til ársloka 1962, en ekki endanlega afgreitt 1961 og 1962.

Vífilsstaðabúið: Endurskoðun lokið til ársloka 1961 og endurskoðað að mestu fyrir árið 1962. Hafin er endurskoðun á reikningum ársins 1963.

Kópavogsbúið: Um það gildir sama og Vífilsstaðabúið.

Kleppsbúið (efnahagsreikn.): Endurskoðað til ársloka 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir árin 1961 og 1962.

Forsetaembættið: Endurskoðun lokið til ársloka 1961.

Fálkaorðan: Endurskoðun lokið til ársloka 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir árin 1960—1962.

Hagstofa Íslands: Endurskoðað til ársloka 1961.

Þjóðskráin: Sömuleiðis.

Stjórnartíðindi: Sömuleiðis.

Sendiráðin eru öll endurskoðuð til ársloka 1961, að undanteknu sendiráðinu í London, sem endurskoðað er til ársloka 1962.

Yfirborgardómari: Endurskoðun lokið til ársloka 1961.

Borgarfógeti: Sömuleiðis.

Yfirsakadómari: Sömuleiðis.

Lögreglustjóri, Rvík: Endurskoðun lokið til ársloka 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir árið 1962.

Embættiskostnaður sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra úti á landi er endurskoðaður til ársloka 1961, að undanteknum embættiskostnaði bæjarfógetanna í Ólafsfirði, Vestmannaeyjum og Kópavogi, sem er endurskoðaður til ársloka 1962.

Kostnaður vegna embættisbústaða sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra á eftirgreindum stöðum er endurskoðaður sem hér segir:

Til ársloka 1961:

Eskifjörður.

Bolungarvík.

Vestmannaeyjar.

Siglufjörður.

Sauðárkrókur.

Neskaupstaður.

Ísafjörður.

Keflavík, bæjarfógetabústaður.

Hegningarhúsið í Reykjavík: Endurskoðað til ársloka 1961.

Vinnuhælið á Kviabryggju: Endurskoðað til ársloka 1957. Síðan hafa engin reikningsskil borizt frá Kviabryggju þrátt fyrir margendurtekin tilmæli ríkisendurskoðunarinnar, þar til nú fyrir skömmu, að nokkur gögn varðandi byggingarkostnað hárust frá dómsmálaráðuneytinu með bréfi, dags. 17. f. m., sem nú er verið að athuga.

Kostnaður við fangahús úti á landi er að mestu endurskoðaður til ársloka 1961.

Fangahjálpin „Vernd“: Endurskoðað til ársloka 1961.

Húsameistaraembættið: Endurskoðun lokið til ársloka 1961 og endurskoðun ársins 1962 langt komin.

Áfengisvarnarráð: Endurskoðað til ársloka 1961.

Tollbátar í Reykjavík: Endurskoðað til ársloka 1961.

Auglýsingakostnaður tollstjóra: Sömuleiðis.

Skattstofa Akraness: Endurskoðað til 30. sept. 1962.

Skattstofa Akureyrar: Endurskoðað til ársloka 1961.

Skattstofa Hafnarfjarðar: Sömuleiðis.

Skattstofa Ísafjarðar: Sömuleiðis.

Skattstofa Keflavíkur: Endurskoðað til 30. sept. 1962.

Skattstofa Kópavogs: Sömuleiðis.

Skattstofa Neskaupstaðar: Sömuleiðis.

Skattstofa Siglufjarðar: Endurskoðað til ársloka 1961.

Skattstofa Vestmannaeyja: Endurskoðað til 30. sept. 1962.

Embættiskostn. landlæknis: Endurskoðað til ársloka 1961.

Skrifstofa ríkisspítalanna: Endurskoðun lokið fyrir árið 1961 og að mestu 1962, en ekki endanlega afgreitt. Endurskoðun reikninga ársins 1963 vel á veg komin.

Landsspítalinn: Sömuleiðis.

Ljósmæðraskólinn: Sömuleiðis.

Þvottahús ríkisspítalanna: Sömuleiðis.

Fæðingardeildin: Sömuleiðis.

Hjúkrunarkvennaskólinn: Sömuleiðis.

Vífilsstaðahælið: Sömuleiðis.

Kleppsspítalinn: Endurskoðun lokið fyrir árið 1961 og að mestu fyrir árið 1962, en ekki endanlega afgreitt. Endurskoðun reikninga ársins 1963 vel á veg komin.

Kleppjárnsreykjahælið: Sömuleiðis.

Holdsvæikraspítalinn: Endurskoðað og afgreitt til ársloka 1961. Endurskoðun að mestu lokið fyrir árið 1962 og endurskoðun reikninga ársins 1963 vel á veg komin.

Fávítahælið í Kópavogi: Endurskoðun lokið fyrir árið 1961 og að mestu fyrir árið 1962, en ekki endanlega afgreitt. Endurskoðun vel á veg komin fyrir árið 1963.

Blóðbankinn: Endurskoðun lokið og endanlega afgreitt fyrir árið 1961 og endurskoðun nærri lokið fyrir árið 1962. Endurskoðun vel á veg komin fyrir árið 1963.

Rannsóknarstofa háskólans: Endurskoðun lokið til ársloka 1961 og að mestu fyrir árið 1962, en ekki endanlega afgreitt. Endurskoðun vel á veg komin fyrir árið 1963.

Mjólkureftirlit ríkisins: Endurskoðað til ársloka 1961.

Vegamál (13. grein): Óendurskoðað fyrir árin 1961 og 1962.

Skipaútgærð ríkisins: Endurskoðun nærri lokið til ársloka 1962.

Landhelgisgæzlan: Sömuleiðis.

Vita- og hafnarmál: Endurskoðun að mestu lokið fyrir árið 1962 og nokkuð á veg komin fyrir árið 1963.

Veðurstofan: Endurskoðun lokið til ársloka 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir árin 1961 og 1962.

Ferðaskrifstofa ríkisins: Endurskoðun lokið til ársloka 1961.

Matsveina- og veitingaþjónaskólinn: Endurskoðað til ársloka 1961.

Háskólinn: Endurskoðað til ársloka 1961.

Tilraunastöðin á Keldum: Endurskoðun að mestu lokið til ársloka 1962.

Námslán: Endurskoðun til ársloka 1960 lokið og árin 1961 og 1962 eru í endurskoðun.

Vélskólinn: Endurskoðun lokið til ársloka 1961.

Alþýðuskólinn á Eiðum: Endurskoðun lokið til ársloka 1961.

Íþróttasjóður: Endurskoðað til ársloka 1961.

Vistheimilið í Breiðuvík: Endurskoðun lokið fyrir árið 1961 og að mestu fyrir árið 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir þessi 2 ár. Fyrir árið 1963 er endurskoðun vel á veg komin.

Ríkisútgáfa námsbóka: Endurskoðað til ársloka 1961.

Upptökuheimilið í Elliðahvammi: Endurskoðun lokið fyrir árið 1961 og að mestu fyrir árið 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir þessi 2 ár. Endurskoðun fyrir árið 1963 er vel á veg komin.

Landsbókasafnið: Endurskoðað til ársloka 1961.

Þjóðminjasafnið: Sömuleiðis.

Náttúrugripasafnið: Sömuleiðis.

Bókaútgáfa Menningarssjóðs: Endurskoðun lokið til ársloka 1960 og langt á veg komin fyrir árið 1961.

Ásgrimssafn: Endurskoðað til ársloka 1961.

Þingvallanefnd: Endurskoðað til ársloka 1961.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Sömuleiðis.

Biskupsembættið: Endurskoðun lokið til ársloka 1960, en ekki endanlega afgreitt fyrir árið 1960.

Jarðabótastyrkir: Endurskoðað til ársloka 1958.

Verkferanefnd ríkisins: Endurskoðað til ársloka 1961.

Sandgræðsla Íslands: Sömmuleiðis.

Skógrækt ríkisins: Sömmuleiðis.

Veiðimálastjóri: Endurskoðað til ársloka 1961.

Sauðfjárveikivarnir: Endurskoðað til ársloka 1961 og að mestu fyrir árið 1962.

Bændaskólinn á Hólum: Endurskoðað til ársloka 1962, en ekki endanlega afgreitt fyrir árin 1961 og 1962.

Sildarmat ríkisins: Endurskoðað til ársloka 1961.

Atvinnudeild háskólans: Endurskoðun lokið til ársloka 1960, en árin 1961 og 1963 eru í endurskoðun og 1962 óendurskoðað.

Rannsóknaráð ríkisins: Sömmuleiðis.

Kjarnfræðinefnd: Endurskoðað til ársloka 1961.

Skipulag bæja og kaupúna: Endurskoðað til ársloka 1961.

Bjargráðasjóður: Sömmuleiðis.

Tryggingastofnun ríkisins: Endurskoðun ekki lokið fyrir árið 1962, en fer nú fram daglega.

Framleiðsluráð landbúnaðarins; niðurgreiðsla á afurðum o. fl.: Endurskoðað til ársloka 1961.

Atvinnumálanefnd: Sömmuleiðis.

Landhelgissjóður: Endurskoðun nærri lokið til ársloka 1962.

Fasteignamat ríkisins: Endurskoðað til ársloka 1961.

Gjöld, sem ráðuneytin hafa ávísað beint til viðkomandi aðila og ekki hafa verið gerð sérstök reikningsskil fyrir, hafa verið endurskoðuð sem hér segir hjá eftirgreindum ráðuneytum:

Atvinnumálaráðuneytið: Endurskoðað til ársloka 1960.

Dómsmálaráðuneytið: Sömmuleiðis.

Utanríkisráðuneytið: Sömmuleiðis.

Viðskiptamálaráðuneytið: Endurskoðað til ársloka 1961.

Samgöngumálaráðuneytið: Sömmuleiðis.

Varnarmáladeildin: Sömmuleiðis.

Gunnarsholtshælið: Endurskoðun lokið til ársloka 1961 og að mestu fyrir árið 1962, en ekki endanlega afgreitt. Endurskoðun fyrir árið 1963 er vel á veg komin.

Umferðarmiðstöðin: Endurskoðað til ársloka 1961.